

**Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2016 – fyrri umræða 19. nóvember 2015****Inngangur**

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar sem hér er lögð fram til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði 49 m.kr. en að samstæða A - og B – hluta skili 3 mkr afgangi. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld samstæðunnar verði 491 m.kr. Í töflunni hér að neðan koma fram helstu stærðir úr rekstrarreikningi.

<b>Fjárhagsáætlun 2016 úr rekstrarreikningi (þús. kr.)</b>	<b>2016 A - hluti</b>		<b>2016 A + B hluti</b>	
<b>TEKJUR</b>				
Skatttekjur	490.268	59,5%	490.268	48,8%
Framlög Jöfnunarsjóðs	204.432	24,8%	204.432	20,3%
Aðrar tekjur	129.683	15,7%	310.965	30,9%
	<b>824.383</b>	<b>100,0%</b>	<b>1.005.665</b>	<b>100,0%</b>
<b>GJÖLD</b>				
Laun og launatengd gjöld	451.873	54,8%	491.325	48,9%
Annar rekstrarkostnaður	297.963	36,1%	369.697	36,8%
	749.836	91,0%	861.022	85,6%
<b>Framlegð (EBITDA)</b>	<b>74.547</b>	<b>9,0%</b>	<b>144.643</b>	<b>14,4%</b>
Afskriftir	27.697	3,4%	57.130	5,7%
Niðurstaða án fjármagnsliða	46.850	5,7%	87.513	8,7%
Fjármagnsliðir	2.466	0,3%	- 84.562	-8,4%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>49.316</b>	<b>6,0%</b>	<b>2.951</b>	<b>0,3%</b>

**00 Skatttekjur**


Útsvör og fasteignatekjur ásamt lóðarleigu verða 490 m.kr. á árinu 2016, en framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð kr. 204 m.kr. Gert er ráð fyrir að þjónustutekjur í A-hluta verði 130 m.kr. Alls er því reiknað með að tekjur A-hluta nemi 824 m.kr. Heildartekjur sveitarfélagsins eru hinsvegar áætlaðar 1.006 m.kr.

Skatttekjurnar, þ.e. útsvar, fasteignaskattur og lóðarleiga ásamt framlögum Jöfnunarsjóðs eru nýttar til að reka málaflokka í A-hluta, en þessar skatttekjur nema samtals 695 m.kr.

Af þeim fara 338 m.kr. í fræðslumál eða 49%, en í félagsþjónustu fara 83 m.kr. eða 12%. Þjónusta við fatlaða fellur undir þennan lið, en sveitarfélagið greiðir framlag til BsVest, sem er Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks

á Vestfjörðum. Það er svo byggðasamlagið sem ráðstafar fjármunum til sveitarfélaganna sem sinna þjónustunni. Ísafjarðarbær hefur á sinni hendi stærstan hluta þjónustunnar, en Bolungarvíkurkaupstaður sinnir aðallega frekari liðveislu.

Í sameiginlegan kostnað, t.d. bæjarskrifstofu, bærjastjórn og bæjarráð og ýmis samvinnuverkefni með öðrum sveitarfélögum s.s. Fjórðungssambandið, Samtök íslenskra sveitarfélaga og Náttúrustofu Vestfjarða fara 83 m.kr. eða 12% skatttekna. Undir þennan lið falla einnig kynningarmál sveitarfélagsins, heimasíða o.þ.h. Æskulýðs og íþróttamál nota 8% skatttekna, en aðrir málaflokkar fá til sín minna hlutfall skatttekna eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti á mynd 1.



## MYND 1

### Útsvar

Í Bolungarvík verður útsvarsprósentan áfram 14,52% sem er leyfilegt hámarksútsvar, en flest sveitarfélög á Íslandi nýta sér leyfilegt hámarksútsvar. Af þessum 14,52% fara þó 0,77% eins og hjá öllum öðrum sveitarfélögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir rekstri grunnskólana í landinu. Jöfnunarsjóður úthlutar svo framlaginu til sveitarfélaganna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum til að mæta mismiklum kostnaði allra sveitarfélaga vegna málaflokksins.

Til viðbótar fer svo 0,99% af útvarinu beint til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra. Þeim fjármunum úthlutar Jöfnunarsjóður einnig til til sveitarfélaga eða byggðasamlaga eftir ákveðnum reglum. Á Vestfjörðum er starfandi byggðasamlag fyrir málefni fatlaðra (BsVest) sem fær fjármunum úthlutað, en auk þeirra fjármuna sem byggðasamlagið fær frá Jöfnunarsjóði greiða sveitarfélögin beint 0,25% af útvarinu til byggðasamlagsins. Þannig má segja að 12,51% af 14,52% útsvarsprósentu standi eftir þegar búið er að draga frá þessi framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og byggðasamlags um málefni fatlaðra.

## Jöfnunarsjóður

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir framlög Jöfnunarsjóðs byggir nánast alfarið á áætlun sjóðsins sjáfs. Gert er ráð fyrir því að framlög Jöfnunarsjóðs verði 204 m.kr. Hlutfall Jöfnunarsjóðs af tekjum aðalsjóðs er þá 25% eða 20,3% af heildartekjum sveitarfélagsins.

## Fasteignagjöld

Fasteignaskattur (A) á íbúðarhúsnæði er óbreyttur á milli ára, eða 0,5% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur (B) af opinberu húsnæði í eigu ríkisins er 1,32% sem er leyfilegt hámark hans. Fasteignaskattur á fyrirtæki er óbreyttur frá fyrra ári 1,5%. Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar skili samtals 46 m.kr í tekjur og lóðarleiga 8,3 m.kr. í tekjur á árinu 2016.

Vatnsgjald og holræsagjöld eru 0,4% og 0,3% af fasteignamati húss og lóðar. Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis er 1,4% af fasteignamati lóðar og önnur lóðarleiga 2,5 % af fasteignamati lóðar.

Heildargjöld á heimili fyrir sorphreinsun og eyðingu eru 35.850. Gjöldin skiptast þannig að sorphreinsigjaldið er kr. 20.500 á íbúð en sorpeyðingargjaldið kr. 15.350 á íbúð.

## Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrár er 4,5% með örfáum undantekningum þar sem einstakir liðir standa í stað. Gjaldskrá fyrir Félagsheimilið hækkar hinsvegar um 15%.

## 02 Félagsþjónusta

Þótt stærsti einstaki útgjaldaliðurinn undir lið 02 Félagsþjónustu séu útgjöld vegna þjónustu við fatlaða þá segir það lítið um umfang þeirrar þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Þau útgjöld renna að stærstum hluta til byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum sem síðan stýrir útgreiðslum til þeirra sveitarfélaga sem sjá um þjónustuna við þjónustuþega. Að þeim útgjöldum frátöldum er það þjónusta við aldraða sem veitt er mestu fjármagni til eða samtals 15,6 m.kr. að frátöldum innheimtum tekjum vegna þjónustunnar.

## 04 Fræðslu og uppeldismál

Fræðslumálin eru lang umfangsmesti málaflokkur sveitarfélagsins. Heildarútgjöld málaflokksins hækka úr 324 m.kr. í 370 m.kr. en á móti koma tekjur af gjöldum í leikskóla og tónlistarskóla og heilsdagsskóla auk mötuneytis að fjárhæð 32 m.kr. þannig að rekstrarniðurstaða málaflokksins er 338 m.kr. sem fjármagna þarf með skatttekjum.

## Grunnskólinn

Rekstrarkostnaður Grunnskólans hækkar í 241 m.kr. úr 204,5 m.kr. í fjárhagsáætlun 2015. Munar þar mest um að laun hækka úr 144 m.kr. í 176 m.kr. Í Grunnskólanum eru nú 121 barn, en voru 129 talsins á sama tíma í fyrra. Við skólann starfa 15 kennarar með leyfisbréf til kennslu og einn leiðbeinandi sem hefur lokið B.ed í kennslufræðum. Þá starfa 16 aðrir starfsmenn við skólann. Rekstrarkostnaður mötuneytisins í Grunnskólanum samanstendur af launakostnaði sem nemur 8,8 m.kr. og öðrum rekstrarkostnaði, sem er 12,7 m.kr. Innheimtar tekjur eru hinsvegar 10 m.kr og nægja því ekki til að greiða annan rekstrarkostnað (innkeypt hráefni).

## Leikskólinn

Í Leikskólanum eru 53 börn, en við skólann eru samtals 14,5 stöðugildi að skólastjóra meðtöldum auk þess sem eitt stöðugildi er á vegum félagsþjónustu fatlaðra. Þar er um að ræða 5,2 stöðugildi fagmenntaðra í leikskólafræðum, en 2,4 stöðugildi eru mönnum að starfsmönnum með aðra háskólamenntun. Aðrir starfsmenn eru með ýmsa aðra menntun og margir þeirra með mikla reynslu af því að starfa með börnum. Launakostnaður

leikskólans er 86 m.kr. skv. áætluninni, en annar rekstrarkostnaður er 16,5 m.kr. Á móti koma innheimtar tekjur sem eru u.þ.b. 16,4 m.kr þannig að segja má að allur launakostnaðurinn sér greiddur með skattfé.

## Tónlistarskólinn

Nemendur Tónlistarskólans eru 49 talsins, en þar af eru 2 börn í 200% námi, 4 börn í 150% námi og 30 börn í 100% námi. 12 börn eru í 50% námi. Þá er einn fullorðinn nemandi við skólann í 100% námi. 5 kennarar starfa við skólann. Þar af þrír í hálfu starfi og einn sem sinnir stundakennslu. Launakostnaður tónlistarskóla er 21,8 m.kr., en annar rekstrarkostnaður 3 m.kr. Innheimtar tekjur eru 3,2 m.kr. þannig að einnig í Tónlistarskólanum er allur launakostnaður greiddur af skattfé.

## 05 Menningarmál

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld vegna menningarmála verði 28,6 m.kr. að meðtalinni innri leigu. Í áætluninni er gert ráð fyrir framlagi til Sjómninjasafnsins Ósvavar, Náttúrugripasafnsins og Byggðasafns Vestfjarða og bókasafnsins. Launakostnaður við Náttúrugripasafn og Ósvör er í rauninni undir liðnum annar rekstrarkostnaður þar sem Náttúrustofa Vestfjarða sér í raun um rekstur beggja safnanna skv. sérstöku rekstrarsamningi, en kaupstaðurinn greiðir ekki laun beint til starfsmanna safnanna. Félagsheimilið sem er mikilvægur þáttur í menningarstarfseminni í bænum er rekið í sérstöku B-hluta fyrirtæki og er reiknað með að framlag til þess nemi 37 m.kr. Stærstur hluti þeirra útgjalda er fjármagnskostnaður.

## 06 Æskulýðs- og íþróttamál

Heildarútgjöld vegna æskulýðs- og íþróttamála verða 96 m.kr. samkvæmt áætluninni en á móti koma tekjur að fjárhæð 41 m.kr. Það segir þó ekki alla söguna vegna innri viðskipta á milli stofnana sveitarfélagsins. Þannig kaupir t.d grunnskólinn þjónustu af Íþróttamiðstöðinni vegna leigu á íþróttasölum og sundlaug fyrir kennslu fyrir 11,5 milljónir á ári og Ungmennafélagið tæpar 9 milljónir á ári. Aðrar innri tekjur nema um 0,6 m.kr. Greiddur aðgangseyrir að íþróttamiðstöðinni er því um 21 m.kr. eða helmingur teknanna.

Reiknað er með að peningalegir styrkir til íþróttafélaga séu óbreyttir frá árinu 2015. Þannig er gert ráð fyrir að peningalegur styrkur til Ungmennafélags Bolungarvíkur verði 4,5 m.kr og að Golfklúbbur Bolungarvíkur fái 1 m.kr. í styrk og Hestamannafélagið 450 þús. krónur.

Auk peningalegra styrkja hafa íþróttafélögin greiðan aðgang að íþróttamiðstöðinni, sem nýtist auðvitað félögunum á sama hátt og um fjárframlög væri að ræða.

## 07 Brunamál og almannavarnir

Framlög af skattfé sem fara til brunavarna eru um 17 m.kr. þar af er launakostnaður 6,6 m.kr. Áætlað er fyrir ákveðnum fjölda slökkviliðsæfinga eða útkalla yfir árið með tilheyrandi launakostnaði auk fastra launa slökkviliðsstjóra í hlutastarfi. Þá er gert ráð fyrir öðrum rekstrarkostnaði að fjárhæð 11 m.kr., en inni í þeirri tölu er auk ýmissa útgjalda vegna kaupa viðhalds á búnaði, innri leiga af slökkvibílum og slökkvistöð.

## 08 Hreinlætismál

Undir málaflokkinn falla m.a. sorphreinsun og rekstur gámastöðvar auk kostnaðar við sorpeyðingu eða urðun á sorpi. Leiga sorpílata sem sveitarfélagið leggur íbúum til er einnig inni í þessum lið auk kostnaðar vegna endurvinnslu eða endurnýtingar sorps, þar með talinn flutningskostnaður. Þá fellur kostnaður við rekstur gámastöðvar undir hreinlætismál. Reiknað er með að innheimt sorphirðu og sorpeyðingargjald nægi til að standa undir kostnaði við hirðingu og förgun heimilissorps, en halli er á rekstri gámastöðvar, þ.e. móttöku og flutningi sorps sem þangað kemur og er málaflokkurinn því að taka til sín 7,4 m.kr umfram innheimtar tekjur. Undir hreinlætismál fellur einnig kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits ofl. hjá stofnunum bæjarins.

## 09 Skipulags og byggingamál

Gert er ráð fyrir að nettó kostnaður við skipulags og byggingarmál verði um 9m.kr. Þar er aðallega um að ræða kostnað vegna byggingarfulltrúa og deiliskipulagsgerðar. Í rauninni er því þó þannig farið að byggingarfulltrúi er að sinna ýmsum störfum tæknifræðings s.s. hönnun, kostnaðaráætlunum, útboðum og verkeftirliti auk þess að vinna úr ýmsum fyrirspurnum sem koma úr bæjarráði eða frá bæjarstjóra varðandi verkefni sem ráðast á í eða verið er að hugleiða að ráðast í.

## 10 Umferðar og samgöngumál

Heildarútgjöld vegna málaflokksins eru 15,6 m.kr. en á móti koma tekjur að upphæð 1,4 m.kr vegna samnings við Vegagerðina. Undir málaflokkin fellur m.a. viðhald gatna og gangbrauta 3 m.kr., götulýsing 4,8 m.kr. og snjómokstur 7 m.kr.

## 11 Umhverfismál

Gert er ráð fyrir 21,1 m.kr. í þennan málaflokk sem innifelur m.a. slátt og hirðingu opinna svæða og hreinsun bæjarlandsins og að áfram verði haldið í í snyrtingu opinna svæða og að eyða ásæknum gróðri. Gert er ráð fyrir að að frá vori og fram á haust sé starfandi umhverfisfulltrúi.

## 21 Sameiginlegur kostnaður

Til sameiginlegs kostnaðar telst kostnaður við bæjarstjórn, bæjarskrifstofu markaðs og kynningarmál og greiðslur inn á lífeyrisskuldbindingar ásamt ýmsum kostnaði vegna samstarfs sveitarfélaga, bæði á landsvísu og fjórðungsvísu. Gert er ráð fyrir að framlög í sameiginlegan kostnað verði 83 m.kr. á árinu.

## Fjármagnsliðir

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að verðbólga ársins 2015 verði 3,2% og fjármagnsliðir verði nettó jákvæðir um 2,5m.kr. í A-hluta en neikvæðir um 87 m.kr. í B-hluta þannig að í samstæðu A- og B-hluta eru fjármagnsliðir neikvæðir um 84,5 mkr.

## Eignasjóður

Í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að ráðstafa um 12 m.kr. í meiriháttar viðhald eigna sem tilheyra eignasjóði. Skipting á einstök verkefni mun bæjarráð gera tillögu um fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

## Bolungarvíkurföfn

Gert er ráð fyrir 22 m.kr. hagnaði hjá Bolungarvíkurföfn á árinu 2016. Hafnarstjórn leggur til að að gjaldskrá hafnarinnar hækki að jafnaði um 4,5% frá gjaldskrá ársins 2015. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að aflagjald verði óbreytt 1,55%. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um hvaða fjárfestingar verður ráðist í hjá Bolungarvíkurföfn, en í áætluninni til fyrri umræðu er sett inn „vinnutalan“ 10 m.kr. Í útprentaðir heildaráætlun eru útgjöld vanáætluð um 7 m.kr. sem hefur bein áhrif til lækkunar á afkomu samstæðu A- og B-hluta, en fjárhagsáætlun Bolungarvíkurföfnar úr hafnarstjórn hefur verið dreift á fundinum.

## Vatnsveita og fráveita

Tekjur vatnsveitunnar eru áætlaðar um 28,1 m.kr. Þær eru að stærstum hluta fastar tekjur af álögðum vatnsskatti sem nemur 0,4% af fasteignamati húss og lóðar, en auk þess greiða stórir notendur aukavatnsskatt og er gert ráð fyrir að hann muni nema um 4 m.kr.. Undir annan rekstrarkostnað vatnsveitu fellur ýmiskonar

viðhald í hreinsistöðvum, auk nýrra heimtauga. Þá er um að ræða rafmagn fyrir dælur og til lýsingar og hitunar osfrv. Gert er ráð fyrir að 2,9 m.kr. halli verði á rekstri vatnsveitunnar árið 2016.

Holræsagjald sem er 0,3% af fasteignamati húss og lóðar myndar tekjur fráveitunnar. Reiknað er með að tekjurnar nemi 16,5 m.kr. árið 2015. Gjöld fráveitunar með fjármagnsgjöldum nema samtals 8.360 m.kr og skilar fráveitan því jákvæðri rekstraniðurstöðu að upphæð 8,1 m.kr.

## Félagslegar íbúðir

Áætlunin gerir ráð fyrir að halli verði á rekstri félagslegra íbúða að fjárhæð 22 m.kr. árið 2015.

## Félagsheimili Bolungarvíkur

Aukinn kraftur hefur verið settur í rekstur Félagshemilisins á síðari hluta ársins 2014. Gert er ráð fyrir að tekjur ársins 2015 verði 7 m.kr.. Eins og áður hefur komið fram er sveitarfélagið að leggja stóran skerf til menningarmála með rekstri Félagshemilisins, en reiknað er með að framlag til rekstursins verði 36 mkr á árinu.

## Hjúkrunarheimilið

Nýtt og glæsilegt hjúkrunarheimili verður formlega tekið í notkun þann 6. desember n.k. Bókfært verð hjúkrunarheimilisins með áföllnum vöxtum á byggingartíma er um 340 m.kr. Leigusamningur Bolungarvíkurkaupstaðar við velferðarráðuneytið gerði ráð fyrir að sveitarfélagið bæri 15% kostnaðarins og ríkið 85%.

Upphaflega var gert ráð fyrir kostnaði að fjárhæð 289 m.kr. á verðlagi í september 2012, en þá var vísitala byggingarkostnaðar 114,8 stig en er nú 127,9 stig. Ef upphaflega verðið er uppfært með byggingarvísitölu þá er það 322 m.kr. Lán vegna hjúkrunarheimilisins hafa verið tekin hjá Lánasjóði sveitarfélaga og eru þau til u.þ.b. 20 ára og eru að meðaltali á u.þ.b. 3,35% vöxtum. Ákveðið var að taka frekar lán hjá Lánasjóðnum en Íbúðalánasjóði sem bauð lán á 4,2% vöxtum til 40 ára. Með leigusamningi við velferðarráðuneytið eru hjúkrunarheimilinu tryggðar tekjur að fjárhæð 20,1 m.kr. á ári á núvirði, en leigan er verðtryggð. Ef greiðsluflæði leigutekna og afborgana og vaxta er núvirt þá er niðurstaðan m.v. fyrrgreindar forsendur 103,5 m.kr í plús á 40 ára tímabili. Það er sú fjárhæð sem er þá til reiðu til að nota í að greiða viðhald, tryggingar og fasteignagjöld af eigninni. Ef á hinn bóginn er settur inn árlegur kostnaður vegna viðhalds, trygginga og fasteignagjalda þá má hann vera u.þ.b. 4,7 m.kr. á ári til að greiðsluflæðið á 40 ára tímabili verði á núlli, en auðvitað er hjúkrunarheimilið þá samt að greiða sveitarfélaginu nettó fasteignagjöld.

Það er mikill fengur að því fyrir samfélagið í Bolungarvík að fá hjúkrunarheimilið í rekstur. Þar verður frábær aðstaða fyrir þjónustupega auk þess sem bylting verður allri aðstöðu starfsfólks til umönnunar skjólstaðinga.

## Fjárfestingar ársins – fjármögnun framkvæmda

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 50 mkr í A- og 10 m.kr. í B-hluta á árinu 2016 í þeirri áætlun sem lögð er fram til fyrri umræðu. Bæjarráð mun gera tillögu um endanlega fjárhæð fjárfestingar og skiptingu á verkefni fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 102 mkr. eða 10% af heildartekjum. Áætlunin gerir ráð fyrir lántöku að fjárhæð 80 mkr til endurfjármögnunar lána. Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána verði 104 mkr. á næsta ári.

## Veltufé frá rekstri - framlegð

Veltufé frá rekstri er nálægt því að vera jafnhátt afborgunum langtímalána, sem er ágætt viðmið, en það mætti gjarnan vera hærra. Leiðin til hækkunar á veltufé frá rekstri er hagræðing. Það er verðugt verkefni að finna leiðir til hagræðingar sem hægt er að setja fram fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

## **Þakkir**

Bæjarstjóri vill þakka öllum forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun og þá sérstaklega fjármálastjóra sem hefur lagt mikla vinnu í undirbúning áætlunarinnar. Þá er bæjarráði þakkað fyrir gott samstarf við áætlunargerðina.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2016 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

**Bolungarvík 19. nóvember 2015,  
Elías Jónatansson, bæjarstjóri**